



Alþingi
Erindi nr. **P** 127/1941
komudagur 15. 4. 2002

Breiðdalsvík 12. 4. 2002

Nefndasvið Alþingis
b.t. Umhverfisnefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn hreindýraráðs um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.

Í 4. grein frumvarpsins segir m.a. : “Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum: 3) og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, falla úr gildi.”

Þessi 3. málsgrein hljóðar svo: “Umhverfisráðherra skipar fimm menn í hreindýraráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en aðrir nefndarmenn skulu skipaðir með eftirfarandi hætti: Búnaðarsamband Austurlands, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu og Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi tilnefna einn fulltrúa hvert og veiðistjóri einn og skal hann vera líffræðingur eða með sambærilega menntun. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Veiðistjóra og fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þá málfrelsi og tillögurétt.”

Samkvæmt frumvarpinu um Umhverfisstofnun mun því ráðherra ekki lengur skipa hreindýraráð. Ekki eru þó fleiri greinar laga um vernd, friðun og veiðar á villum fuglum og villtum spendýrum felldar niður.

Þannig verða enn inni í lögnum ákvæði um hlutverk hreindýraráðs. Einnig ákvæði um að ráðherra setji reglur um framkvæmd laganna að fengnum tillögum hreindýraráðs og veiðistjóra, m.a. um skiptingu arðs o.s.frv.

Þá er það spurningin hvort einhver annar eigi að skipa í hreindýraráð og ef svo er hver á það þá að vera?

Hreindýraráð telur að best færi á því að eftirlit með skipulagningu og framkvæmd hreindýraveiða verði áfram í höndum heimamanna, þótt ekki sé gerð athugasemd við að yfirstjórnin verði í höndum Umhverfisstofnunar.

Hér er um mjög viðkvæman málaflokk að ræða og skoðanir skiptar á því hvernig best sé að standa að því að viðhalda hreindýrastofninum í því horfi að hann veiti hámarks afrakstur um leið og tjón er takmarkað eins og kostur er.

Þrátt fyrir einstök kærumál á undanförunum árum er víðtæk sátt í héraði með það fyrirkomulag sem nú er á þessum málum. Til fróðleiks má geta þess, að alls fá u.þ.b. 530 bændur og aðrir jarðeigendur greiddan arð árlega vegna ágangs dýranna. Heildarupphæð sem greidd var í arð fyrir árið 2001 var 22.998.393,- kr. svo ljóst er að mikið er í húfi fyrir viðtakendur arðs, að skipulag þessara mála verði áfram gott. Undanfarin tvö ár hafa borist 3 til 5 formlegar kvartanir til hreindýraráðs vegna framkvæmdar á veiðum og úthlutunar á arði. Það sýnir betur en annað að góð sátt ríkir um framkvæmdina.

Rekstrarkostnaði hreindýraráðs hefur verið haldið í lágmarki og kostnaður vegna reksturs ráðsins hefur verið greiddur af leyfisgjöldum, sem greidd eru til ráðsins af hverju seldu veiðileyfi.

Þessi upphæð hefur staðið undir vöktun stofnsins sem verið hefur á vegum Náttúrustofu Austurlands en árið 2001 voru greiddar kr. 1.129.000,- til vöktunarinnar. Einnig standa leyfisgjöld undir öllum kostnaði af starfsemi ráðsins, þ.e. launum starfsmanns í ½ starfi, sá kostnaður er ótrúlega lágur, eða 1.037.700,- kr. með launatengdum gjöldum.

Þóknun til ráðsmanna, ferðakostnaður, sem er talsverður vegna mikilla fjarlægða og svo allur annar rekstrarkostnaður nam u.þ.b. 2 milljónum króna.

Heildarrekstrarkostnaður hreindýraráðs, þ.m.t. framlag til vöktunar var á árinu 2001 4.537.818,- kr.

Það er mat flestra þeirra sem rætt hafa við fulltrúa í hreindýraráði, að óráðlegt sé að flytja alla ákvarðanatöku, ráðgjöf og yfirstjórn burt úr héraði. Með árunum hefur byggst upp yfirgripsmikil þekking og reynsla hjá þeim sem að málefnum hreindýra hafa komið. Samstarf hreindýraráðs, veiðistjóra og Náttúrustofu Austurlands hefur verið með miklum ágætum.

Af framansögðu leggur hreindýraráð fram eftirfarandi hugmyndir um framtíðarþróun í málefnum hreindýra:

1. Yfirstjórn verði hjá Umhverfisstofnun og starfsmaður er sinni verkefnum er falla undir þetta svið verði starfsmaður Umhverfisstofnunar.

2. Áfram verði starfandi hreindýraráð, sem umhverfisráðherra skipaði. Æskilegt væri að í því sætu 5 fulltrúar til að fulltrúar kæmu sem víðast að af Austurlandi, en einnig mætti hugsa sér að í hreindýraráði sætu 3 fulltrúar, þ.e. veiðistjóri, fulltrúi bænda sem tilnefndur yrði af samtökum bænda á Austurlandi og formaður, sem yrði skipaður af umhverfisráðherra. Hreindýraráð yrði ekki lengur stjórnarsýslustofnun, heldur ráðgefandi ráð, eða ráðgjafarnefnd, sem starfaði með þeim starfsmanni Umhverfisstofnunar á Austurlandi sem vinnur að hreindýramálum.

Hreindýraráð ætti sem sagt að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um allt er viðkemur vernd, veiðum og nýtingu hreindýrastofnsins á Austurlandi. Nánari skilgreining á hlutverki ráðsins yrði þá unnin af forstjóra Umhverfisstofnu í samráði við þá sem að hreindýramálum koma.


Hreindýraráð ítrekar, að málaflokkurinn er viðkvæmur og lítið má út af bera til að mikil vinna undanfarandi ára við að koma böndum á þessi mál verði að engu.

Gott samráð og samvinna við hagsmunaaðila er þar afar mikilvæg.

Því þarf að fara í allar breytingar af mikilli varfærni og skynsamlegt verður að teljast að nýta þá yfirgripsmiklu sérþekkingu sem er fyrir hendi á Austurlandi.

Virðingarfyllt,

f.h. hreindýraráðs



Hákon Hansson
formaður